

# BRÚUM BILIÐ

Samstarfsverkefni milli Heilsuleikskólans Laufáss og  
Grunnskólans á Þingeyri.

2013-2014



**Efnisyfirlit**

Hvers vegna tengsl milli leik- og grunnskóla? .....	4
Samstarf Heilsuleikskólans Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri .....	4
Samstarf skólanna við forráðamenn .....	5
Gagnkvæmar heimsóknir nemenda .....	5
Sérstakar áherslur og verkþættir leikskólans .....	6
Sérstakar áherslur og verkþættir grunnskólans .....	6
Heilsdagsskóli - dægradvöl .....	7
Samstarfsáætlun 2010-2011 .....	8

2013-2014

# BRÚUM BILIÐ

Samstarfsverkefni á milli  
Heilsuleikskólans Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri.

## Hvers vegna tengsl milli leik- og grunnskóla?

Í lögum og aðalnámskrám leik- og grunnskóla kemur fram að skylt sé að koma á gagnvirku samstarfi leik- og grunnskóla. Þar er líka tiltekið að leikskólinn sé fyrsta skólastigið.

Tilgangurinn með samstarfinu er að auðvelda barni þá breytingu sem verður á lífi þegar það fer úr leikskóla yfir í grunnskóla. Mikilvægt er að flutningur þeirra yfir í grunnskóla sé vel undirbúinn. Nám barna þarf að vera samfellt. Sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verður sá grunnur sem grunnskólanám þeirra byggir á.

Mikilvægt er fyrir grunnskólanemendur að upplifa þau tengsl sem mynduð voru í leikskóla og þá tilfinningu að hafa vaxið og þroskast.

**Markmiðin** með samstarfinu eru;

- ✓ að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að flytjast á milli skólastiganna
- ✓ að efla tengslin milli skólastiganna
- ✓ að skapa samfellu í námi og kennslu
- ✓ að koma til móts við þarfir nemenda og stuðla að markvissari uppbyggingu náms á mótun skólastiga
- ✓ að auka gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á námi barna og starfsaðferðum hvors skóla

## Samstarf Heilsuleikskólans Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri

Til að ná áður nefndum markmiðum vinna skólarnir tveir að áætlun sem felur í sér samvinnu beggja skólanna yfir veturinn ásamt nokkrum áhersluatriðum og verkþáttum fyrir hvorn skóla.

**Samvinnan** byggir á;

- ✓ skilafundum að vori – miðlun upplýsinga um nemendur.
- ✓ gerð áætlunar fyrir samstarfi vetrarins að hausti og endurmati að vori.
- ✓ gagnkvæmum heimsóknum kennara.
- ✓ að setja fram markmið sem leikskólinn vinnur að til að efla skólafærni nemenda.
- ✓ gagnkvæmum heimsóknum elstu nemenda leikskólans og nemenda 1. bekkjar grunnskólans.
- ✓ að huga að endurmenntun kennara beggja skólanna til að efla tengsl skólastiganna.

## Samstarf skólanna við forráðamenn

Forráðamenn eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiganna og miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra til grunnskólans. Þeir eiga að vera með í ráðum um þær upplýsingar sem fylgja barninu úr leikskólanum í grunnskólann.

Forráðamenn þurfa að veita barni sínu styrk og undirbúa það til að takast á við þær breyttu aðstæður sem verða við að fara úr leikskóla yfir í grunnskóla.

Forráðamenn mæta á skólafærninámskeið að vori og skólakynningu ásamt barni að hausti.

## Gagnkvæmar heimsóknir nemenda

**September.** Leikskólanemendur koma í grunnskólann og fá kynningu á skólanum undir leiðsögn skólastjóra.

**Október** Grunnskólanemendur taka þátt í leikskólastarfi einn dag. Nemendur ganga inni það hópastarf sem nemendur eru að gera samkvæmt skipulagi.

**Nóvember** Leikskólanemendur taka þátt í kennslustundum einn dag með 1. bekk Nemendur ganga inni það sem nemendur 1. bekkjar eru að gera samkvæmt stundatöflu.

**Janúar** Grunnskólanemendur taka þátt í leikskólastarfi einn dag. Nemendur ganga inni það hópastarf sem nemendur eru að gera samkvæmt skipulagi.

**Mars** Leikskólanemendur taka þátt í kennslustundum einn dag með 1. bekk. Nemendur vinna sameiginlega að ákveðnu verkefni þennan tíma.

**Aðrir fastir viðburðir eru;**

**Öskudagsfagnaður.** Nemendur 1. bekkjar taka þátt í öskudagsfagnaði leikskólans.

**Árshátíð G.Þ.** Leikskólanemendur taka þátt í fyrri sýningu árshátíðar.

**Grænn dagur/umhverfisdagur – Vorganga.** Sameiginlegur dagur.

**Sameiginleg vorgleði** sem er haldin síðasta kennsludag vetrarins er síbreytileg og því þátttaka leikskólanemenda breytileg en fastur liður væri að allir myndu borða saman.

### Sérstakar áherslur og verkþættir leikskólans

- ✓ Kynnir samstarf vetrarins fyrir forráðamönnum leikskólabarna
- ✓ Setja samstarfið inní skólanámskrá
- ✓ Efla skólafærni nemenda með því að þjálfa;
  - fín- og grófhreyfingar
  - almenn þekkingaratriði og persónulegar upplýsingar
  - sjálfshjálp í athöfnum daglegs lífs
  - félagsfærni
  - grunnþætti fyrir lestrarfærni
  - grunnþætti í stærðfræði

### Sérstakar áherslur og verkþættir grunnskólans

- ✓ Skólafærninámskeið fyrir forráðamenn 6 ára barna að vori.
- ✓ Einstaklingsviðtöl forráðamenn/barn og kennari að hausti.
- ✓ Kennslu- og námsefnakynning í september.
- ✓ Kynnir samstarf vetrarins fyrir forráðmönnum barna í 1. bekk.
- ✓ Sér um sundnámskeið fyrir elstu nemendur leikskólans.
- ✓ Setja samstarfið inní skólanámskrá.
- ✓ Sjá um móttöku og kynningu á skólanum fyrir forráðamenn og væntanlega nemendur.

## Heilsdagsskóli - dægradvöl

Dægradvöl við Grunnskólann á Þingeyri er starfrækt í Heilsuleikskólanum Laufási. Skóladagvist er einkum ætluð nemendum 1. og 2. bekkjar, en við sérstakar aðstæður er möguleiki að eldri nemendur fái vistun.

Markmið starfsins er að koma til móts við þarfir samfélagsins, forráðamenn og atvinnulífs með því að skapa börnunum öruggan og notanlegan samastað að skóla loknum. Dagurinn skiptist í frjálsan leik úti og inni og skipulagt starf svo sem föndur, leikir og fleira. Lögð er áhersla á friðsamleg og jákvæð samskipti og að dvölin geti verið lærdómsrík og skemmtileg.

Skólarnir gera með sér samning á hverjum vetri um liðveislu starfsmanna dægradvalar hvað varðar heimanám grunnskólanemenda. Samningurinn byggir á sameiginlegri ákvörðun skólanna og forráðamanna.

## Samstarfsáætlun 2013-2014

SKÓLAHEIMSÓKNIR ERU Á MILLI 9:50 – 12:00	
Dagsetningar og titill:	Hvað á að gera?
<b><u>September</u></b> Heimsókn leikskólabarna í grunnskólann	5 ára leikskólanemendur koma í grunnskólann og fá kynningu á skólanum undir leiðsögn skólastjóra.
<b><u>24.október</u></b> Heimsókn grunnskólabarna í leikskólann	1.-2.bekkur grunnskólanemenda taka þátt í leikskólastarfi einn dag. Nemendur vinna sameiginlega að ákveðnu verkefni þennan tíma.
<b><u>25.nóvember</u></b> Heimsókn leikskólabarna í grunnskólann	Leikskólanemendur taka þátt í kennslustundum einn dag með 1. bekk. Nemendur ganga inn í það sem er verið að gera skv. stundatöflu.
<b><u>16.janúar</u></b> Heimsókn grunnskólabarna í leikskólann	1.-2.bekkur grunnskólanemenda taka þátt í leikskólastarfi einn dag.
<b><u>24.-28.febrúar. mán-þrið-mið</u></b> <b><u>kl:13:20.fimmt kl:12:40</u></b>	5 ára leikskólanemendur taka þátt í kennslustundum einn dag með 1. bekk. Nemendur vinna sameiginlega að ákveðnu verkefni þennan tíma.
<b><u>5.mars</u></b> Heimsókn leikskólabarna í grunnskólann	Sundnámskeið leikskólabarna sem er í umsjón sundkennara grunnskólans.
<b>Öskudagur</b>	Nemendur 1. bekkjar taka þátt í öskudagsfagnaði leikskólans.
<b>Árshátíð</b>	Leikskólanemendur taka þátt í fyrri sýningu árshátíðar.
<b><u>6.maí kl:10:00</u></b> Heimsókn leikskólabarna með foreldrum í grunnskólann	5 ára leikskólanemendur koma með foreldrum í grunnskólann og fá kynningu á skólanum og umsjónarkennara undir leiðsögn skólastjóra.
<b><u>21.maí kl:20:00</u></b> Skólafærninámskeið	Skólafærninámskeið fyrir forráðamenn 5 ára barna..
<b><u>26.maí</u></b> Grænn dagur/umhverfisdagur - Vorganga.	Sameiginlegur dagur. Hugað að umhverfinu, náttúrunni, farið í göngutúr.
<b><u>27.maí</u></b> Sameiginleg vorgleði	Haldin síðasta kennsludag vetrarins. Þátttaka leikskólanemenda er breytileg.



-----

Skipulag þetta er hluti af skólanámskrá Heilsuleikskólans Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri sem á að vera í sífældri endurskoðun.

Að unnið sé samkvæmt ofangreindu skipulagi er á ábyrgð skólastjórnenda beggja skólanna.

Þingeyri 16. desember 2010

*Gunnlaugur Dan Ólafsson*

skólastjóri Grunnskólans á Þingeyri

*Elsa María Thompson*

leikskólastjóri Heilsuleikskólans Laufáss

Þingeyri september 2013

*Stefanía Ásmundsdóttir*

skólastjóri Grunnskólans á Þingeyri

*Elsa María Thompson*

leikskólastjóri Heilsuleikskólans Laufáss

2013-2014

# BRÚUM BILIÐ

Samstarfsverkefni á milli  
Heilsuleikskólans Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri.